



## Enn þokast lítið vegna greinar 16.1 í kjarasamningnum

Lítið þokast áfram í viðræðum fulltrúa Launafundar sveitarfélaganna (LN) og viðræðunefndar Félags grunnskólakennara (FG) og Skólastjórnafélags Íslands (SÍ). Segja má að ekkert markvert hafi gerst frá fyrsta fundi aðila. Eins og oft hefur komið fram er ekki um eiginlegar kjaraviðræður að ræða, heldur umræður um grein 16.1 í kjarasamningi aðila, þar sem fram kemur að aðilar eigi að ræða hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða vegna m.a. efnahags- og kjarapróunar.

Fulltrúar FG hafa lagt fram gögn sem m.a. sýna að svartsýnasta verðbólguþá þegar samið var 2004, gerði ráð fyrir rúmlega 3% verðbólgu. Á þeim tíma hefur verðbólgan farið yfir 7%. Staðreyndin er sú að verðbólgan frá því samið var í nóvember 2004 til nóvember 2006 var 6,5% **yfir** verðbólgu markmiðum Seðlabankans og 4,8% **yfir** spá bankans.

Lögð hafa verið fram gögn sem sýna fram á að þær stéttir sem næstar okkar eru hafa hækkad verulega í launum, ef fer sem horfir verða þær með yfir 15% hærri laun þann 1.1. 2008.

Þetta eitt og sér ætti að duga til leiðréttingar á kjörum kennara. Ef ekki, hvað þá? Hvað hefði þurft að gerast í efnahagsumhverfinu til að

þetta ákvæði í samningnum hefði einhverja þýðingu? 10% verðbólga? 20%? Félag grunnskólakennara hefur meðal annars bent á aðgerðir forsendunefndar SA og ASÍ og samning sem þessir aðilar gerðu sín á milli. Leiða má líkur að því að það myndi kosta sveitarfélögin um 1 milljarð á ári að leiðrétta kjör grunnskólakennara með því að grípa til svipaðra aðgerða og gert var milli ASÍ og SA. Því miður ber enn mikið á milli fulltrúa LN og KÍ til hvaða aðgerða eigi að grípa vegna greinar 16.1 í kjarasamningi aðila.

Yfirlýsingar ýmissa sveitarstjórnarmanna síðustu daga hafa vakið athygli. Eftir Halldóri Halldórssyni var haft í fréttum RÚV 16.11.2006, að hann vilji breyta samskiptum sveitarfélaganna og grunnskólakennara. Hann



vill aðskilja launaviðræður frá viðræðum um gæði og innihald skólastarfs, taka upp nánara samstarf við skólana og eyða um leið þeim sárindum sem urðu við gerð síðustu kjarasamninga kennara.

Haft var eftir formanni FG, Ólafi Loftssyni, að hann fagnaði þessari yfirlýsingu Halldórs og hefur hann bent á að þetta sé skref í rétta átt. Ólafur minnir jafnframt á, að nú í desember er liðið eitt ár frá því að FG setti fram ósk um viðræður vegna greinar 16.1. Þeim viðræðum verði aðilar að ljúka til að geta sest niður og horft til framtíðar. Þolinmæði félagsmanna FG er á þrotum. Þeim viðræðum verður að ljúka á næstu vikum. Forysta FG hefur rætt við fjölmarga sveitastjórnarmenn á síðustu mánuðum og lýst áhyggjum sínum af grandvaraleysi sveitarfélaganna vegna samskipta við grunnskólakennara. Það er einlæg von FG að með nýjum aðilum og breyttum áherslum sveitarfélaganna, verði þar breyting á. Það stendur ekki á forystu FG að hefja ítarlegar og heiðarlegar umræður um málefni grunnskólakennara að loknum viðræðum um 16.1.

Stjórn, samninganefnd og svæðaformenn FG hittast 12. janúar 2007, ráða ráðum sínu og ákveða framhaldið.



### Stefán Jón Hafstein skrifar m.a. á heimasíðu sinni:

„Ég tel að ekki megi mikinn tíma missa. Kennarar eru þegar óánægðir með að ekki hefur fengist niðurstaða í hvernig endurskoðunarákvæði í samningum þeirra kemur þeim til góða. Sveitarfélögin hafa gríðarlega hagsmuni af því að byggja bryr og efla traust áður en næsta samningalota hefst. Við þurfum að læra af fortiðinni og horfa lengra og víðar en tekist hefur hingað til“.

[www.stefanjon.is](http://www.stefanjon.is)



### Jóla kort

Í stað þess að senda jóla kort í ár ákváðu Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess að styrkja skólastarf á Barnaspítala Hringins með 100.000 krónum. Gjöfin kemur vonandi að góðum notum.



Kennarar í Grandaskóla gáfu á dögunum út skemmtilegt dagatal með myndum af kennurum skólans. Hægt er að sjá sýnishorn af því á heimasíðu skólans [Granda-skoli.is](http://Granda-skoli.is) og velja til hægri dálkinn dagatal. Þar er einnig hægt að fjárfesta í þessum kostagrip.

### Áskoranir til sveitarfélaga

Á síðustu vikum hafa á fjórða tug áskoranna borist FG, fjölmiðlum, launaneftnd sveitarfélaganna og sveitar- og bæjarstjórnarmönnum. Fjölmargir kennarafundir krefjast þess að sveitarfélögin virði

grein 16.1 í kjarasamningi aðila og grípi strax til viðeigandi sanngjarnna ráðstafanna. Ljóst er á þessum ályktunum að kennarar leggja mikla áherslu á að sveitarfélögin bregðist nú þegar við. Langlundargeð þeirra er á þrotum.



Stjórn og starfsfólk Félags grunnskólakennara óskar ykkur öllum gleðilegra jóla

